

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 19/2020

frá 7. febrúar 2020

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingasjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða ⁽²⁾.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 31bfh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2018/1229) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„31bgc. **32015 R 0760**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Þrátt fyrir ákvæði bókunar 1 við samning þennan, og sé ekki kveðið á um annað í samningi þessum, ber að skilja hugtökin „aðildarríki(n)“ og „lögbær yfirvöld“ þannig að þau taki, til viðbótar við merkingu þeirra í reglugerðinni, til EFTA-ríkjanna og lögbærra yfirvalda þeirra, í þeirri röð.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 81, 23.3.2018, bls. 1.

b) Í 3. og 4. mgr. 35. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin“.

31bgca. **32018 R 0480**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/480 frá 4. desember 2017 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um fjármálaafleiðugerninga sem hafa þann eina tilgang að verja gegn áhættu, nægilegan líftíma evrópsku langtímafjárfestingasjóðanna, viðmiðanir fyrir mat á markaðnum fyrir hugsanlega kaupendur og virði eignanna sem á að losna við og tegundir og einkenni aðstöðunnar sem stendur almennum fjárfestum til boða (Stjtið. ESB L 81, 23.3.2018, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. mgr. 6. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „í eitt ár eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 frá 7. febrúar 2019“ í stað orðanna „frá 1. maí 2019“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/760 og framseldrar reglugerðar (ESB) 2017/480, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. febrúar 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.